



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga um tímabundnar endastöðvar Strætó

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki meðfylgjandi fyrirkomulag á tímabundnum endastöðvum Strætó vegna framkvæmda á Hlemmi.

Greinargerð:


Vegna fyrirhugaðra breytinga á Hlemmi er nauðsynlegt að útbúa tvær tímabundnar endastöðvar fyrir Strætó. Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. apríl 2022 var kynnt að í skoðun væri að gera tvær tímabundnar endastöðvar, aðra við Skúlagötu og hina við Háskóla Íslands, Hringbraut. Áætlað er að tímabundnu endastöðvarnar verði notaðar á meðan á framkvæmdum við Hlemm stendur sem er áætlað að sé a.m.k. næstu fjögur ár. Með hliðsjón af því til hversu langs tíma þetta er, er óskað eftir samþykki á fyrirkomulaginu.

Við Háskóla Íslands er lagt til að tímabundin endastöð fyrir leiðir 2 og 6 sé á bílastæðum innan lóðar HÍ við Stapa. Samkomulag við HÍ liggur fyrir. Við Skúlagötu er lagt til að endastöð fyrir leiðir 1, 4, 16, 17 og 18 sé á núverandi bílastæðaplani sem liggur að Sæbraut. Við breytinguna fækkar bílastæðum innan lóðar HÍ um 13, en um 62 stæði á borgarlandi við Skúlagötu. Við endastöðina á Skúlagötu er nauðsynlegt að bæta við gangstéttum, göngupverunum og bæta lýsingu. Við endastöðina á svæði Háskóla Íslands verða núverandi innviðir nýttir að mestu, en gert er ráð fyrir að breikka þurfi göngusvæði meðfram nýjum vagnastæðum og að snjóbræðslu sé bætt við útkeyrslu.



Framkvæmdir vegna þessa eru áætlaðar á árinu og kostnaður sem af hlýst er hluti af verkefninu við endurgerð Hlemms.

Virðingarfyllst,
Bjarni R. Ingvarsson
starfandi deildarstjóri samgangna

Hjálagt: teikningar sem sýna tillögu að tímabundnum endastöðum



Tillaga að tímabundinni endastöð strætó við Háskóla Íslands, Hringbraut.



Tillaga að tímabundinni endastöð strætó við Skúlagötu, Sæbraut